



Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja)

28. mars 2018

Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi og Intersex Ísland, félag intersex fólks á Íslandi, hvetja bæði allsherjar- og menntamálanefnd og þingheim allan til að samþykkja frumvarpið sem um ræðir með eftirfarandi breytingum.

Í stað þess að frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sé:

1. málsl. 218. gr. a orðast svo: Hver sem með líkamsárás veldur tjóni á líkama eða heilsu barns eða konu með því að fjarlægja kynfæri að hluta eða öllu leyti skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Leggja Samtökin '78 og Intersex Ísland til að breytingin verði:

1. málsl. 218. gr. a orðast svo: Hver sá sem veldur tjóni á líkama eða heilsu barns eða fullorðins einstaklings með því að framkvæma læknisfræðilega óþarft inngrip á kynfærum eða æxlunarfærum þess, án fulls og upplýsts samþykkis einstaklingsins, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

Samtökin '78 og Intersex Ísland hafa það í stefnu sinni að banna eigi öll óafturkræf og óþörf inngrip á börnum, sem og fullorðnum einstaklingum, sem ekki er þörf fyrir af læknisfræðilegum ástæðum. Það er réttur hverrar manneskju að fá að taka upplýsta ákvörðun um breytingar á eigin líkama.

Samtökin '78 og Intersex Ísland líta svo á að umskurður drengja sé „aðlögunaraðgerð“, þ.e. aðgerð sem hefur það að markmiði að laga líkamann að fyrirfram ákveðnum hugmyndum um útlit kynja og kynfæra. Leggjumst við því sterklega gegn því að slíkar aðgerðir séu framkvæmdar á börnum, sem eðli málsins samkvæmt geta ekki veitt upplýst samþykki. Virða ber rétt hvers einstaklings til þess að undirgangast ekki slíkar aðgerðir. Að því leyti samræmast okkar sjónarmið frumvarpinu, þ.e. við teljum eðlilegt að umskurður drengja sé bannaður þar sem ekki er hægt að vita hvort að einstaklingurinn sjálfur samþykkir aðgerðina eða ekki.

Samtökin '78 og Intersex Ísland telja hins vegar að frumvarpið gangi ekki nægilega langt í að vernda börn fyrir óafturkræfum og óþörfum inngripum. Nefndin ætti að skoða það alvarlega hvort að frumvarpið eigi ekki frekar að banna öll óafturkræf inngrip sem ekki er þörf fyrir af læknisfræðilegum ástæðum, þar sem sömu rök og tilgreind eru í greinargerð frumvarpsins geta vel átt við öll slík inngrip.

Núverandi ákvæði hegningarlaga nær ekki ekki yfir öll form limlestingar á kynfærum kvenna (e. female genital mutilation (FGM)) eins og það er skilgreint af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (e. World Health Organisation (WHO))¹ en ákvæðið nær ekki yfir fjórðastigs limlestingu á kynfærum kvenna sem er eftifarandi:

“Type IV – All other harmful procedures to the female genitalia for non-medical purposes, for example: pricking, piercing, incising, scraping and cauterization.”

Íslensk þýðing:


„Stig IV – Öll önnur skaðleg inngrip á kynfærum kvenna sem þjóna ekki læknisfræðilegum tilgangi, til dæmis, ástunga, götun, rista í, skröpun og brennslu“

Með breytingartillögu okkar munu löginn einnig ná yfir fjórðastigs limlestingu á kynfærum kvenna ásamt því að veita intersex börnum vernd með því að tryggja sjálfsákvörðunarrétt og líkamlega friðhelgi allra barna.


Virðingarfyllst,



Daníel E. Arnarsson
Framkvæmdastjóri Samtakanna '78



Kitty Anderson
Formaður Intersex Ísland



Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Ritari Samtakanna '78

¹ <http://www.who.int/reproductivehealth/topics/fgm/overview/en/>